

Nd.

646. Nefndarálit

[222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi ásamt öðrum stórmálum. Á fundinn komu fulltrúar útgerðar og sjómanna, og frv. síðan afgreitt úr nefnd.

Með flutningi þessa frv. er gert ráð fyrir því að taka meira en allar eigur almennu deildar Aflatryggingasjóðs og færa þær yfir í Stofnfjárssjóð fiskiskipa, inn á reikning hvers skips, upphæð sem nemur 4% af fiskverði.

Af sjálfu leiðir að niður falla allar bótagreiðslur almennu deildar sjóðsins árið 1984. Þessi 4% af fiskverði eru færð útgerðinni og koma ekki til hlutaskipta.

Vegna samdráttar í afla verður staða útgerðar lakari sem honum nemur og afkoma sjómanna versnar að sama skapi. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að færa þessa fjármuni til útgerðar vegna versnandi afkomu en leyft sjómönnum náðarsamlegast að bera skaðann óbættan.

Hin almenna deild sjóðsins hefur gegnt því hlutverki að tryggja sjómönnum sín laun þrátt fyrir aflabrest ef útgerðin hefur ekki greitt þau. Minni hl. nefndarinnar lítur svo á að fjármunir Aflatryggingasjóðs séu sameign útgerðar og sjómanna og séu þessir fjármunir fluttir til eigi útgerð og sjómenn að skipta þeim sín á milli eftir lögbundnum leiðum og samningum milli þessara aðila um hlutaskipti.

Minni hl. nefndarinnar lítur svo á að með því að koma því svo fyrir að umrædd 4% af afla komi ekki til hlutaskipta vegi ríkisstjórnin enn í sama knérunn og telur allra síst ástæðu til þess nú að auka þann hlut sem tekinn er fram hjá skiptum.

Minni hl. nefndarinnar átelur málsmeðferð og mun flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr., frsm.

Guðmundur Einarsson.